

**Badmintonfélag Hafnarfjarðar**  
**Ársskýrsla 2020**



## **Efnisyfirlit**

<b>Ávarp formanns</b>	<b>4</b>
<b>Skipulag</b>	<b>6</b>
<b>Viðburðir badmintonársins 2019-2020</b>	<b>7</b>
<b>Viðburðir borðtennisársins 2019-2020</b>	<b>21</b>
<b>Viðburðir tennisársins 2019-2020</b>	<b>32</b>
<b>Ársreikningur 2019</b>	<b>36</b>

# Ávarp formanns

Ágætu félagar Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Þetta sextugasta starfsár Badmintonfélags Hafnarfjarðar hefur verið eitt af merkilegustu árum í sögu félagsins og þrátt fyrir háan aldur eru engin ellimerki að finna á félaginu. Á síðustu aðalfundum hef ég gert grein fyrir þeirri afstöðu félagsins að sækjast eftir að fá til reksturs Íþróttahúsið við Strandgötu og hefur erindi vegna þess verið sent bæjaryfirvöldum með reglulegum hætti á liðnum árum. Undanfarin ár hefur Badmintonfélag Hafnarfjarðar fengið úthlutaða alla tíma í húsinu sem eru ætlaðir Íþróttahreyfingunni og því var einungis æft badminton í húsinu, þ.e. aðalsalnum því borðtennisdeildin æfir að sjálfsgöðu í Álfafellinu. Því voru það ánægjuleg tíðindi þegar skrifað var undir samning við Hafnarfjarðarbæ á afmælishátíð félagsins á haustmánuðum, um að félagið tæki yfir rekstur á Íþróttahúsinu við Strandgötu frá og með 1. janúar 2020.

Aðstaða félagsins var svo sem ekki burðug fyrstu árin en félagsmenn léku badminton í Íþróttasal St. Jósefsspítala þó svo sá salur væri of lítil til að hægt yrði að merkja löglegan badmintonvöll. Það er því gríðarlega mikil breyting á aðstöðu félagsins í dag, þ.e. aðstaða fyrir 5 badmintonvelli og aðstaða í Álfafelli fyrir borðtennisdeildina. Reyndar verður að segja að sú staðreynd að BH sé annað badmintonfélagið á Íslandi til að fá eigið hús til afnota segir auðvitað mikið til um útbreiðslu badmintoníþróttarinnar. Mikil uppbygging íþróttamannvirka hefur verið um allt land og í flestum íþróttahúsum er hægt að leika badminton, en einungis Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur hefur haft yfir að ráða sérhönnuðu íþróttahúsi fyrir sína starfsemi. Íþróttahúsið við Strandgötu er að sjálfsgöðu ekki hannað sérstakleg fyrir badminton eða borðtennis en nú verður lögð sérstök áhersla á að bæta allan aðbúnað, lýsingu og aðstöðu alla til að mæta þörfum þessara íþróttagreina.

Flensborgarskóli og Öldutúnsskóli nýta húsið með okkur fyrir skólaíþróttir og leggjum við áherslu á að vera í nánú samstarfi við þá um nýtinguna á íþróttahúsinu. Flensborgarskóli leggur mikla áherslu á að kynna og spila badminton og mun félagið reyna að aðstoða skólann eins og kostur er, við að efla badmintoniðkun meðal nemenda. Sama áhersla verður lögð á að kynna badminton fyrir nemendum Öldutúnsskóla. Bætt aðstaða fyrir borðtennis í Álfafelli og ný tæki aðstöðu í kjallara fyrir styrktarþjálfun, upphitun og teygjur býður líka uppá mikla möguleika í samstarfi við skólana og horfum við því bjartsýnum augum til framtíðar.

Áhugasamir tennismenn hafa ákveðið að stofna sérstakt tennisfélag í Hafnarfirði og slíta þar með því samstarfi sem verið hefur um áratugaskeið, en tennisdeild BH hefur verið starfrækt undanfarna tvo áratugi við erfiðan kost. Engin aðstaða hefur verið innanhús fyrir tennismenn og hafa þeir þurft að æfa í Tennishöllinni í Kópavogi. Badmintonfélag

Hafnarfjarðar óskar tennismönnum góðs gengis á nýju vettvangi og þökkum þeim samfylgdina í gegnum árin.

Það er ánægjulegt að samhliða frábærum árangri félagsins afrekslega hér innanlands á afmælisárinu þar sem margir titlar unnust í öllum deildum, náðist sá einstaki árangur s.l. haust að Erla Björg Hafsteinsdóttir náði heimsmeistaratitli ásamt stöllu sinni frá Akranesi, Drífu Harðardóttur í tvíliðaleik í flokki 40 ára og eldri og var það frábær árangur hjá þeim, en þær urðu jafnframt Íslandsmeistarar í meistaraflokki á síðasta ári. Árangri okkar frábæra íþróttafólks er gerð góð skil í skýrslunni hér á eftir, en þykir rétt að vekja athygli á Badmintonfélag Hafnarfjarðar veitist sá heiður að taka við ÍSÍ bikarnum þetta árið, en hann er veittur árlega því félagi innan Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem skarar fram úr í uppbyggingu félags- og íþróttastarfs auk þess að ná góðum íþróttalegum árangri.

Það hefur verið gaman að fylgjast með uppgangi borðtennisdeildar félagsins og þeirri gleði sem þar ræður för. Árangur borðtennisdeildar er líka frábær og liðið hefur skipað sér á bekk sem eitt sterkasta lið landsins og urðu m.a. Íslandsmeistarar í meistaraflokki í tvíliða- og tvenndarleik á síðasta ári, auk fjölda annarra titla. Íslandsmótið í borðtennis fór fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu og gaf Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson fyrstu uppgjöfina í mótinu, sem stóð yfir frá föstudegi fram á sunnudag. Mótið var fjölmennasta mót allra tíma, en skráningar í mótið voru 238.

Samningur Badmintonfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar sem tók gildi 1. janúar 2020 gaf okkur tækifæri til að ráða í fyrsta skipti framkvæmdastjóra til félagsins og var Anna Lilja Sigurðardóttir ráðin til starfans. Það er mikil happafengur fyrir félagið að fá Önnu Lilju til að taka við keflinu með formlegum hætti 1. janúar s.l. en hún hefur haldið utan um öll helstu verkefni félagsins undanfarin ár og gjörþekkir því alla starfsemi félagsins. Anna Lilja er íþróttafraeðingur og starfaði áður hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Ítarleg grein er gerð fyrir starfsemi deilda hér í ársskýrslunni og vil ég þakka öllum sem koma að starfi félagsins fyrir stuðninginn. Stjórn félagsins og stjórnarmönnum deilda þakka ég samstarfið og vona að sami kraftur einkenni starf félagsins í framtíðinni og hefur verið á liðnu ári.

Með kveðju,

Hörður Þorsteinsson

## Skipulag

Badmintonfélag Hafnarfjarðar var stofnað 7.október árið 1959 og varð því 60 ára árið 2019.

Í stjórnnum Badmintonfélags Hafnarfjarðar 2019-2020 sátu eftirtaldir einstaklingar

### Aðalstjórn

Formaður	Hörður Þorsteinsson
Varaformaður	Kristján Kristjánsson
Gjaldkeri	Irena Ásdís Óskarsdóttir
Ritari, fulltrúi badmintond.	Anna Lilja Sigurðardóttir
Fulltrúi tennisdeildar	Hjörtur Grjetarsson
Fulltrúi borðtennisdeildar	Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson

### Badmintondeild

Formaður	Hörður Þorsteinsson
Varaformaður	Kristján Kristjánsson
Gjaldkeri	Irena Ásdís Óskarsdóttir
Ritari	Anna Lilja Sigurðardóttir
Meðstjórnandi	Frímann Ari Ferdinandsson
Meðstjórnandi	Erla Björg Hafsteinsdóttir
Fulltrúi ungra	Sebastian Vignisson

### Borðtennisdeild

Formaður	Jóhannes B. Urbancic Tómasson
Varaformaður	Dagur Snær Steingrímsson
Ritari	Ingimar Ingimarsson
Gjaldkeri	Haukur Hauksson
Meðstjórnandi	Erla Erlendsdóttir
Meðstjórnandi	Nedelina Ivanova
Varamaður	Tómas Ingi Shelton

### Tennisdeild

Formaður	Júliana Jónsdóttir
Meðstjórnandi	Hjörtur Þór Grjetarsson
Meðstjórnandi	Andri Jónsson

## Viðburðir badmintonársins 2019-2020

Keppnistímabilið 2019-2020 hjá iðkendum í Badmintonfélag Hafnarfjarðar var að venju viðburðaríkt en einnig frekar óvenjulegt eins og hjá allri heimsbyggðinni sökum Covid19 faraldursins. Hér verður stiklað á stóru í starfsemi félagsins á tímabilinu.

### Sumarið 2019

Sumaræfingar keppnishópa félagsins hófust í byrjun júní og voru annað sumarið í röð í samstarfi við TBR. Félögin æfðu tvisvar í viku saman, til skiptis í TBR og Strandgötu, og svo var ein æfing til viðbótar sem var ekki blönduð, samtals 3 æfingar í viku. Kjartan Ágúst Valsson og Einar Óskarsson sáu um æfingarnar fyrir hönd BH en einnig komu Sigurður Eðvarð og Erla Björg að þeim. Atli Jóhannesson sá um sameiginlegu æfingarnar í TBR. Samstarfið gekk vel og var okkar fólk duglegt að mæta.

Sjöunda árið í röð var boðið uppá sumarnámskeið í badminton í Strandgötunni. Um var að ræða fjögur viku námskeið 3 klst á dag fyrir hádegi og 3 klst eftir hádegi. Skipt var í hópa eftir getu og skiptust vanir og óvanir á að vera fyrir og eftir hádegi. Yfirþjálfari á námskeiðunum var Róbert Ingi Huldarsson en honum til aðstoðar voru þau Karítas Perla, Natalia Ósk, Emil, Gabríel Ingi, Guðmundur Adam, Heimir, Jón Sverrir og Stefán Steinar.

Fimm leikmenn BH voru valdir í landsliðsverkefni vorið og sumarið 2019. Kristian Óskar og Gabríel Ingi voru valdir í U15-U17 hópinn sem tók þátt í Danish junior cup um mánaðamóti maí/júní. Guðmundur Adam fór með U15 liðinu á North Atlantic Camp á Grænlandi í júlí. Þau Raket Rut, Steinþór Emil og Gabríel Ingi fóru svo í Evrópuskólann með U17 liðinu sem haldinn var í Slóveníu í júlí.

Sex BH-ingar tryggðu sér Hleðslubikarmeistaratitil fyrir veturinn 2018-2019: Erla Björg Hafsteinsdóttir, Gabríel Ingi Helgason, Raket Rut Kristjánsdóttir, Kristian Óskar Sveinbjörnsson, Erla Rós Heiðarsdóttir og María Kristinsdóttir. Þau fengu viðurkenningu frá Hleðslu og BSÍ á hátíð sem haldin var um miðjan júní.



## BH eignast heimsmeistara

Sá merki atburður átti sér stað í ágúst þegar BH-ingurinn Erla Björg Hafsteinsdóttir varð heimsmeistari í tvíliðaleik kvenna í flokki 40 ára og eldri ásamt Drífu Harðardóttur úr Badmintonfélagi Akraness. Þetta er fyrsti heimsmeistaratitill BH en Erla vann einnig fyrsta Íslandsmeistaratitil BH í badminton fyrir nokkrum árum. Flottur árangur hjá þessum frábæru þróttakonum.

Þær Erla og Drífa mættu í fyrstu umferð mjög sterku japönsku pari sem þær unnu í oddi 24-22. Í næstu þremur umferðum unnu þær mjög sannfærandi keppendur frá Þýskalandi, Póllandi og Sri Lanka. Í úrslitaleiknum mættu þær Helene Abusdal frá Noregi og Katja Wengberg frá Svíþjóð. Fyrsta lotan var æsispennandi og endaði með 24-22 sigri Erlu og Drífu. Í annarri lotu voru íslensku stelpurnar með yfirhöndina allan tíman og sigruðu örugglega 21-10.

Erla spilaði einnig tvenndarleik á mótinu með Skotanum Mark Mackay en þau komust í átta liða úrslit þar sem þau töpuðu naumlega fyrir sigurvegurum mótsins.

Frábær árangur hjá okkar konu sem er mikil fyrirmynd í félaginu, æfir sérstaklega vel, leggur sig alla fram við æfingar og keppni og gefur mikið af sér til æfingafélaga sinna. Þá er hún einnig í stjórn BH og vinnur mörg sjálfbóðaliðastörf fyrir félagið.

## Svíþjóðarferð

Í september tóku 40 BH-ingar þátt í Viking Cup mótinu í Sollentuna í Svíþjóð. Með í för voru einnig tveir leikmenn frá ÍA og Hamri ásamt foreldrum og þjálfurum, samtals 52 manna hópur. Keppt var í bæði unglunga og fullorðinsflokkum á mótinu. Í einliðaleik og fámennum flokkum í tvíliðaleik var keppt í riðlum þar sem tveir komust uppúr hverjum riðli. Skemmtilegt fyrirkomulag sem tryggði flestu af okkar fólki marga leiki.

Eftirfarandi unnu til verðlauna:

- Brynjar Gauti Pálsson, 3.-4.sæti í einliðaleik í U15B
- Erik Valur Kjartansson, 2.sæti í einliðaleik í U13B og 3.-4.sæti í tvíliðaleik í U13





- Freyr Víkingur Einarsson, 2.sæti í tvíliðaleik í C-flokki fullorðinna
- Guðmundur Adam Gígja, 2.sæti í tvenndarleik í C-flokki fullorðinna
- Gunnar Egill Guðlaugsson, 3.-4.sæti í tvíliða- og tvenndarleik í U13
- Halla Stella Sveinbjörnsdóttir, 2.sæti í tvíliðaleik og 3.-4.sæti í einliðaleik í U13
- Jón Víðir Heiðarsson, 1.sæti í einliðaleik í U15B
- Karen Guðmundsdóttir, 2.sæti í tvíliðaleik í C-flokki fullorðinna
- Katla Sól Arnarsdóttir, 2.sæti í tvíliðaleik í U13
- Lena Rut Gígja, 3.sæti í tvíliðaleik í U13
- Lilja Berglind Harðardóttir, 1.sæti í einaliða- og tvíliðaleik í C-flokki fullorðinna
- María Rún Ellertsdóttir (ÍA), 2.sæti í einliðaleik í B-flokki fullorðinna
- Natalía Ósk Óðinsdóttir, 2.sæti í einliðaleik í C-flokki fullorðinna
- Rakel Rut Kristjánsdóttir, 1.sæti í tvíliðaleik í C-flokki fullorðinna
- Róbert Ingi Huldarsson, 2.sæti í einliðaleik í A-flokki fullorðinna
- Rúnar Gauti Kristjánsson, 3.-4.sæti í tvíliðaleik í U13
- Sara Bergdís Albertsdóttir, 2.sæti í tvíliða- og tvenndarleik í C-flokki fullorðinna
- Sólrún Anna Ingvarsdóttir, 2.sæti í einliðaleik í A-flokki fullorðinna
- Valþór Viggó Magnússon (Hamar), 1.sæti í einliðaleik í C-flokki fullorðinna
- Þorleifur Fúsi Guðmundsson, 2.sæti í tvíliðaleik í C-flokki fullorðinna

BH hefur fimm sinnum áður farið á þetta mót sem hentar vel fyrir aldursdreyfinguna og getustigið í okkar hópum. Gist var á Scandic Hotel Sollentuna sem er í um 15 mínútna göngufjarlægð frá badmintonhöllinni. Þjálfarar og fararstjórar voru mjög ánægðir með hópinn í ferðinni sem voru sér og sínum til sóma bæði innan vallar og utan. Eldri voru dugleg að hvetja og hjálpa þeim yngri og allir lögðu sig fram. Ekki ólíklegt að farið verði aftur til Sollentuna á næstu árum.

## Æfingahópar

Skipulag æfinga gekk mjög vel í vetur. Iðkendum var skipt upp í 3 hópa barna- og unglinga, 3 keppnishópa og 2 hópa fullorðinna. Tveir eða fleiri þjálfarar voru á öllum æfingum barna- og unglinga. Yfirumsjón með keppnishópum hafði Kjartan Ágúst en Anna Ósk og Sigurður Eðvarð héldu utan um trimmhópana. Þá hafði Anna Lilja umsjón með öðrum hópum.

Í vetur fóru allar æfingar fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu eins og undanfarin ár en annan veturinn í röð var BH með alla æfingatíma í húsinu. Einu sinni í viku var hægt að hefja æfingar klukkan 15 á daginn í fyrsta sinn en venjulega hefjast æfingar í fyrsta lagi klukkan 16. Sá tími var nýttur fyrir yngstu iðkendurnar sem komu beint úr frístundaheimilum bæjarins með Frístundabílnum. Þetta mældist mjög vel fyrir og gekk vel og því unnið að því að reyna að fjölga tímum frá klukkan 15 næsta vetur.



## **Þjálfarar**

Hjá félaginu störfuðu fimmtán þjálfarar á tímabilinu en þau voru Anna Lilja Sigurðardóttir, Anna Ósk Óskarsdóttir, Einar Óskarsson, Elín Ósk Traustadóttir, Frímann Ari Ferdinandsson, Garðar Hrafn Benediktsson, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Kjartan Ágúst Valsson, Kristín Sif Þórarinsdóttir, Kristján Kristjánsson, Sebastian Vignisson, Sigurður Eðvarð Ólafsson, Sólrún Anna Ingvarsdóttir, Una Hrund Örvar og Yasen Borisov. Þá voru þau Gabríel Ingi Helgason, Karítas Perla Elíadóttir og Natalía Ósk Óðinsdóttir aðstoðarþjálfarar á æfingum yngstu iðkendanna.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi menntaðir badmintonþjálfarar. Flest allir þjálfarar hafa lokið fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ og/eða ÍSÍ eða alþjóðlegum þjálfaranámskeiðum og margir eru auk þess með frekari badmintonmenntun og jafnvel víðtæka íþróttافرæðimenntun. Við erum mjög stolt af þjálfurunum okkar og þakklát fyrir að hafa svona öflugan hóp innan félagsins.

## **Afmælishátíð**

Laugardaginn 26. október var haldið uppá 60 ár afmæli Badmintonfélags Hafnarfjarðar. Fyrri hluta dags var hátíð í Strandgötunni fyrir yngri kynslóðina og gesti og gangandi en um kvöldið var hátíðarkvöldverður fyrir eldri kynslóðina.

Mikill fjöldi iðkenda og annarra gesta mættu á afmælishátíðina í Strandgötunni. Settar voru upp alskyns skemmtilegar þrautir um allt hús sem allir máttu prófa og einnig var hægt að reyna fyrir sér í bæði badminton og borðtennis. Þá var boðið uppá andlistmálun, ávexti, afmælistöku og kaffi. Keppnishópur unglunga stóð vaktina á þraustöðvunum og meistarflokksleikmenn voru með sýningarleiki sem Sólveig Ósk Jónsdóttir dæmdi.

Á hátíðarkvöldverðinn sem fór fram í veislusal Golfklúbbsins Keilis á Hvaleyrinni mættu um 80 manns. Boðið var uppá þriggja rétta máltíð og skemmtidagskrá. Sebastian Vignisson fulltrúi ungra í

stjórn BH stýrði dagskránni með glæsibrag sem var fjölbreytt og mikið hlegið á köflum. Þeir Garðar og Sebastian sýndu skemmtilegt myndband þar sem þeir gerðu létt grín af eldri leikmönnum og stjórnarfólki, Erla Björg var með spurningakeppni, Una Hrund og Sólrún með pakkaleik og BH bandið spilaði nokkur lög. Þá voru Jóhannes formaður borðtennisdeildar og Gylfi fyrrverandi formaður BH með stutt ávörp ásamt því að fulltrúar frá Badmintondeild ÍA færðu félaginu blómvönd. Kvöldið endaði svo á dansi þar sem DJ Valli Sport stjórnaði taktinum.

Á hátíðinni voru veitt fjögur gullmerki en þau fengu eftirfarandi einstaklingar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins: Anna Ósk Óskarsdóttir, þjálfari hjá BH til margra ára, Kristján Daníelsson, fyrrum varaformaður BH til margra ára og formaður Badmintonsambands Íslands, Sólveig Ósk Jónsdóttir, fyrsti alþjóða dómari BH og Ingimar Ingimarsson, sem verið hefur í forsvari borðtennisdeildar nánast frá stofnun hennar fyrir um 10 árum. Hörður Þorsteinsson, formaður BH, veitti þeim gullmerkin og þakkaði fyrir frábær störf. Vonandi fá félagsmenn að njóta krafta þessa öfluga fólks áfram sem lengst.

Formaður Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur færði BH glæsilega gjöf við sama tækifæri en það var mynd af heimsmeistarannum Erlu Björg Hafsteinsdóttur sem Elsa Nielsen, graffískur hönnuður og badmintonkona, gerði. Badmintonsamband Íslands kom einnig færandi hendi í afmælið og veitti Erlu heimsmeistara blómvönd fyrir árangurinn í sumar. Þá sæmði sambandið þær Önnu Lilju Sigurðardóttur og Irenu Ásdísi Óskarsdóttur gullmerki BSÍ en þær stöllur hafa verið í forsvari fyrir BH í 18 ár ásamt því að sitja í nefndum og stjórnnum BSÍ um árbil og koma að þjálfun landsliða.

Fjölmarginir BH-ingar komu að skipulagningu og framkvæmd hátíðanna sem voru mjög vel heppnaðar. Þökkum við þeim öllum kærlega fyrir hjálpina.



o

## Rekstur Íþróttahússins við Strandgötu í höndum BH

1.janúar 2020 tók Badmintonfélag Hafnarfjarðar við rekstrinum á Íþróttahúsinu við Strandgötu. Húsið er í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem felur félaginu að halda utan um daglegan rekstur.

Á afmælishátíð Badmintonfélags Hafnarfjarðar þann 26.október skrifuðu Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar, Hörður Þorsteinsson, undir samning um reksturinn sem markar mikil tímamót hjá félaginu.

Fjórir starfsmenn voru ráðnir til starfa í húsinu í kjölfarið og hófu þau öll störf um áramót. Anna Lilja Sigurðardóttir sem frauymkvæmdastjóri og Böðvar Pétursson, Otta Lovísa Árnadóttir og Þórunn Pálmadóttir sem almennir starfsmenn. Böðvar, Otta og Þórunn störfuðu öll í húsinu áður sem starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og koma því með mikilvæga reynslu með sér til félagsins. Anna Lilja hefur verið þjálfari og stjórnarmaður í félaginu frá árinu 2001 og því öllum hnútum kunnug.



## Samningur við RSL á Íslandi

Badmintonfélag Hafnarfjarðar og RSL á Íslandi gerðu með sér samstarfssamning hauseð 2019 sem var handsalaður á Afmælishátíð BH í Strandgötunni 26.október. Samningurinn er til tveggja ára og felur meðal annars í sér að félagsbúningar BH verða frá RSL. BH-ingar gátu pantað sér nýja búninginn í janúar og tóku sig einstaklega vel út í þeim á mótinum í febrúar og mars. Þá fengu allir þjálfarar RSL fatnað til að þjálfa í auk þess sem RSL gaf spaða til að nýta í kynningar í skólum.

RSL á Íslandi býður BH-ingum 20% afslátt af öllum vörum á rsl.is með afsláttarkóðanum BH. Um er að ræða gæða badminton spaða, kúlur og fatnað sem við hvetjum iðkendur til að skoða á vefnum þeirra. Einnig er hægt að mæta til þeirra í Skútuvoginn og fá sömu kjör með því að láta vita að viðkomandi sé iðkandi hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar.



## Spaðagjafir

Í vetur fóru þær Anna Lilja og Irena í heimsókn í þrjá skóla í Hafnarfirði til að kynna badmintonæfingar félagsins. Í september voru nemendur í 3.bekk í Víðistaðaskóla og Öldutúnsskóla heimsóttir en í janúar nemendur í Lækjarskóla. Allir fengu badmintonspaða að gjöf og boð um að koma og æfa frítt badminton í eina önn. Um 30 nýttu sér boðið á haustönn og 25 á vorönn.

Spaðagjafir í 3.bekk hefur verið helst kynningarleið félagsins um árabíl og byrjar stór hluti iðkenda sinn badmintonferil eftir slíka kynningu. Ekki hefur þó alltaf verið hægt að fara í slíkar kynningar sökum tímaleysis í Strandgötunni en með fjölgun tíma milli 15 og 16 verður þó vonandi mögulegt að halda þessu áfram.

## Mótahald

Á þessu tímabili voru fjögur badmintonmót á dagskránni í Strandgötunni; Meistaramót BH, Meistaramót Íslands, Bikarmót BH og Snillingamót BH. Aðeins eitt mót fór þó fram því hinum var ýmist frestað eða þau felld niður vegna Covid19 heimsfaraldursins.

**Meistaramóti BH** fór fram í Strandgötunni í nóvember. Als tóku 93 keppendur frá eftirfarandi sjö félögum þátt í mótinu: Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KA, Samherja og TBR. BH-ingar voru fjömmennastir með 43 keppendur og TBR-ingar næst fjölmennastir með 28 keppendur. Okkar fólk vann als 21 verðlaun á mótinu.

Í meistaraflokki náðu þrír keppendur að sigra tvöfalt. Erla Björg Hafsteinsdóttir, BH, sigraði í tvíliðaleik ásamt Elsu Nielsen, TBR, og í tvenndarleik ásamt Davíð Bjarna Björnssyni, TBR. Davíð Bjarni sigraði einnig í tvíliðaleik ásamt Eiði Ísak Broddasyni, TBR, en Eiður sigraði auk þess í einliðaleik karla. Í einliðaleik kvenna sigraði Sólrún Anna Ingvarsdóttir, BH.

Gústav Nilsson, TBR, sigraði tvöfalt í A flokki en hann var í fyrsta sæti í tvíliðaleik ásamt Stefáni Árna Arnarssyni, TBR, og í tvenndarleik ásamt Guðbjörgu Jónu Guðlaugsdóttur, TBR. BH-ingarnir

Anna Lilja Sigurðardóttir og Elín Ósk Traustadóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna og Eyrún Björg Guðjónsdóttir í einliðaleik kvenna. Í einliðaleik karla sigraði Davíð Örn Harðarson, ÍA.

Guðmundur Adam Gígja, BH sigraði tvöfalt í B-flokki en hann varð í 1.sæti bæði í einliðaleik og tvíliðaleik ásamt Jóni Sverri Árnasyni, BH. Í einliðaleik kvenna sigraði Natalía Ósk Óðinsdóttir, BH, og tvíliðaleik kvenna Arndís Sævarsdóttir og Svanfríður Oddgeirsdóttir úr Aftureldingu. Í tvenndarleik voru sigurvegarnir Irena Rut Jónsdóttir og Arnór Tumi Finnsson úr ÍA.

Mikið var lagt í að hafa sem glæsilegasta umgjörð í Strandgötunni fyrir mótið. Keppnismottur félagsins voru lagðar og dómaraastólar og aðrar skreytingar settar fram. Þá voru vinir og velunnarar duglegir við að útvega verðlaun sem voru bæði gjafabréf og vörur frá eftirfarandi fyrirtækjum: RSL, Ormsson, Hótel Örk, Southcoast Adventure, Norðurljósahlaup Orkusölnnar, Primex, KFC, Íspan, Bílvík, World Class, Krydd veitingahús, Tækniörur, Origo, Hótel Cabin og Hleðsla. Margir tugir BH-inga komu að mótahaldinu með ýmsum hætti og þökkum við öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir hjálpina.

**Meistaramót Íslands** átti að fara fram í Strandgötu 1.-5.apríl en því var frestað vegna Covid19 og fer að öllum líkindum fram í september í staðinn. **Bikarmót BH** átti að fara fram í lok apríl og **Snillingamót BH** í byrjun maí. Vegna heimsfaraldursins féllu mótin niður þetta árið.



## BH fékk ÍSÍ bikarinn

Föstudaginn 27.desember á Íþrótt- og viðurkenningahátíð Hafnarfjarðar hlotnaðist Badmintonfélagi Hafnarfjarðar sá mikli heiður að fá afhentan ÍSÍ bikarinn en hann er veittur árlega því félagi innan ÍBH sem skarar fram úr í uppbyggingu félags- og íþróttastarfs og fyrir góðan árangur.

Á hátíðinni fengu Íslands- og bikarmeistarar BH í badminton, borðtennis og tennis einnig viðurkenningar frá Hafnarfjarðarbæ ásamt því að Heimsmeistarinn okkar, Erla Björg Hafsteinsdóttir, fékk sérstaka viðurkenningu.



## Samkomubann

Þann 15. mars skall á samkomubann á landinu og fyrirskipað að allt íþróttastarf ætti að liggja niðri um einhvern tíma. Þetta var auðvitað mjög sérstök staða og ljóst að allir þyrftu að vera hugmyndaríkir til að mæta þessum aðstæðum.

Brugðið var á það ráð að bjóða öllum BH-ingum uppá að fá heimsend badmintonnet til að nota heima. Um 50 fjölskyldur nýttu sér þetta boð. Þá voru reglulega settar inn tillögur að æfingum til að gera heima á miðla félagsins. Einnig var boðið uppá fjaræfingar í gegnum zoom.us, 2 sinnum í viku fyrir U13-U15 og 3 sinnum í viku fyrir U17 og eldri. Á fjaræfingunum voru gerðar fjölbreyttar styrktar- og þolæfingar undir stjórn þjálfara BH. Iðkendur voru mjög duglegir að taka þátt og hlupu þess á milli samkvæmt áætlunum sem þjálfarar sendu.

Það var svo ekki fyrr en 4.mái sem æfingar gátu hafist aftur hjá börnum á grunn- og leikskólaaldri en eldri iðkendur máttu æfa 4 í einu í salnum með 2 metra á milli sín. Yngri iðkendur skiluðu sér vel til baka eftir æfingahléið og allir eldri iðkendur sem óskuðu eftir 4 manna æfingatíma fengu hann.



Í venjulegu árferði hafa badmintoniðkendur farið í sumarfrí í kringum 20.maí og helgaræfingar fallið niður frá 1.maí. Vegna samkomubannsins var ákveðið að hafa æfingar út maí mánuð og halda æfingum um helgar óbreyttum. Einnig fengu yngri iðkendur boð um eitt frítt sumarnámskeið sumarið 2020 og eldri iðkendur hvattir til að sækja um tíma í sumar ef þeir vilja.

Starfsmenn BH í Strandgötunni nýttu tímann á meðan engar æfingar eða íþróttakennsla mátti fara fram í stórþrif og tiltekt. Allar geymslur voru tæmdar og þrifnar og heilum helling af gömlu dóti komið í endurvinnslu. Þá samþykkti Hafnarfjarðarbær að fara í endurbætur á Álfafellinu, borðtennis- og samkomusalnum á annarri hæð í Strandgötunni, og ljósum í stóra salnum sem var mjög kærkomið.

Stjórn BH var mjög ánægð með starfsmenn, þjálfara, iðkendur og foreldra í samkomubanninu. Allir jákvæðir og þolinmóðir og duglegir að gera það besta úr stöðunni. Þökkum öllum kærlega fyrir það.

## **Fjölskyldutímar**

Öll föstudagskvöld klukkan 19-21 og sunnudaga kl.13-15 stóð BH-ingum og fjölskyldum þeirra til boða að mæta í opna fjölskyldutíma í Strandgötunni eins og undanfarin ár. Þjálfari sá um að skipta inn á velli ef mæting var meiri en pláss leyfði og hægt var að fá kúlur og spaða lánaða á staðnum. Þetta eru skemmtilegir tímar sem okkur finnst gefa fólkinu okkar mikið og stefnum við á að halda þeim áfram.

Á sunnudögum æfir líka U9 hópurinn okkar með foreldrum í einskonar miniton fyrirkomulagi. Það hjálpar mikið að hafa foreldra með hjá yngstu krökkunum því þau ná að slá oftast í kúluna ef fullorðinn kastar henni vel til þeirra og þá ná þau fljótar tókum á íþróttinni. Svo er líka mjög mikilvægt að foreldrar þekki íþrótt barna sinna. Foreldrar máttu ekki koma í húsið þegar æfingar hófust aftur eftir samkomubann og voru þá unglíngarnir okkar duglegir að hlaupa í skarðið og aðstoða.

## **Stjórnir og nefndir**

Í stjórn badmintondeildar BH sitja þau Hörður Þorsteinsson, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Kristján Kristjánsson, Frímenn Ari Ferdinandsson, Erla Björg Hafsteinsdóttir og Sebastian Vignisson.

BH-ingar hafa verið sérstaklega virkir í starfi Badmintonsambandsins undanfarin ár. Kristján Daníelsson, sem sat í stjórn BH um árabil, er formaður Badmintonsambandsins og Irena Ásdís Óskarsdóttir, gjaldkeri BH, er í varastjórn og situr auk þess í Fræðslunefnd. Anna Lilja Sigurðardóttir, ritari BH, og Frímenn Ari Ferdinandsson, úr stjórn BH, eru einnig í Fræðslunefnd BSÍ og Frímenn er auk þess í Afreks- og landsliðsnefnd BSÍ. Þá eru endurskoðendur BSÍ einnig BH-ingar en það eru þau Hörður Þorsteinsson og Helena Guðrún Óskarsdóttir. Yfirþjálfari keppnishópa BH, Kjartan Ágúst Valsson, er framkvæmdastjóri BSÍ.

Hörður Þorsteinsson hefur setið í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar um árabil og kjörinn varaformaður bandalagsins síðasta vor.



## Strengingavél

Ný og glæsileg strengingavél var keypt í vetur og kom hún til landsins í desember. Hópur iðkenda safnaði fyrir stærstum hluta vélarinnar og sáu Sebastian Vignisson, Erla Björg Hafsteinsdóttir o.fl. um að byggja utan um hana lítið herbergi í stúkunni. BH bauð uppá námskeið með strengingasérfræðingnum Magnúsi Inga Helgassyni milli jóla- og nýjárs og geta þeir sem fóru á námskeiðið nú strengt fyrir bæði sjálfa sig og aðra.



## Landsliðsfólk

Margir BH-ingar voru boðaðir á æfingar landsliðs- og úrvalshópa í vetur. Boð á landsliðs- og úrvalsæfingar er mikil hvatning og þökkum við Badminton sambandinu og landsliðsþjálfurum fyrir öflugt starf.

Þrír BH-ingar voru valdir í landslið BSÍ í vetur. Halla Stella Sveinbjörnsdóttir í U15 liðið sem keppti á EM U15 og Erla Björg Hafsteinsdóttir og Sólrún Anna Ingvarsdóttir í A landsliðið sem keppti á EM kvennalandsliða. Þetta er í fyrsta sinn sem BH á fulltrúa í A landsliðinu og því sögulegur árangur hjá okkar stelpum.

Eftirfarandi BH-ingar voru í landsliðshópum BSÍ:

- Erla Björg Hafsteinsdóttir – A landsliðshópur
- Gabríel Ingi Helgason – Afrekshópur, Landsliðshópur U17-U19 og A landsliðshópur
- Guðmundur Adam Gígja – Úrvalshópur U15-U19 og Landsliðshópur U17-U19
- Halla Stella Sveinbjörnsdóttir - Landsliðshópur U13-U15
- Jón Sverrir Árnason - Landsliðshópur U17-U19
- Katla Sól Arnarsdóttir - Landsliðshópur U13-U15
- Kristian Óskar Sveinbjörnsson - Úrvalshópur U15-U19 og Landsliðshópur U17-U19
- Natalía Ósk Óðinsdóttir - Landsliðshópur U17-U19
- Rakel Rut Kristjánsdóttir - Úrvalshópur U15-U19 og Landsliðshópur U17-U19
- Róbert Ingi Huldarsson - A landsliðshópur
- Rúnar Gauti Kristjánsson – Landsliðshópur U13-U15
- Sigurður Eðvarð Ólafsson - A landsliðshópur
- Sólrún Anna Ingvarsdóttir – Afrekshópur og A landsliðshópur
- Stefán Steinar Guðlaugsson - Landsliðshópur U17-U19

- Steinþór Emil Svavarsson - Úrvalshópur U15-U19 og Landsliðshópur U17-U19
- Una Hrund Örvar - A landsliðshópur
- Valþór Viggó Magnússon - Landsliðshópur U17-U19



## Deildakeppni BSÍ

Eina Íslandsmótið sem náðist að spila á þessu keppnistímabili var Deildakeppni BSÍ, Íslandsmót fullorðinsliða í badminton. BH sendi sex lið til keppni, 2 í meistaradeild, 1 í A deild, 3 í B deild og átti auk þess fulltrúa í einu sameiginlegu liði með TBR í meistaradeild, samtals um 50 keppendur. Sá magnaði árangur náðist að BH sigraði í öllum þremur deildunum. Þetta var í fyrsta sinn sem BH sigrar í efstu deild en reglulega undanfarin ár hefur náðst sigur í A og B deildinni. Titlarnir þrír stoppuðu þó ekki allir lengi í Hafnarfirðinum og endaði með að skila þurfti einum þeirra.

Málavextir voru þeir að í miðju móti kvartaði TBR til yfirdómara yfir þátttöku tveggja erlendra ríkisborgara í liði BH í meistaradeildinni og töldu forsvarsmenn þeirra að þessir erlendu leikmenn væru ólöglegir í mótinu. Yfirdómari tók þá ákvörðun í samráði við ÍSÍ að klára mótið en eftir það kærði TBR BH til Dómstóls ÍSÍ og mikill ágreiningur varð milli félaganna. Óánægja TBR snérist að mestu um að það væri siðlaust og óíþróttamannslegt að láta TBR ekki vita fyrirfram að BH hefði styrkt lið sitt með erlendum leikmönnum en BH taldi sig ekki þurfa að gera það enda kæmi það hvergi fram í reglum né væri það venja hjá TBR að upplýsa BH um sína liðskipan. BH skráði leikmennina til keppni í góðri trú um að það væri löglegt enda kom það skýrt fram í reglum keppninnar og var samþykkt af yfirdómara mótsins. Síðar kom í ljós að reglur Deildakeppninnar innihalda ekki öll þau atriði sem reglur ÍSÍ segja að þær eigi að innihalda og því vafi um það hvaða reglur eigi að gilda. Til að skapa frið í badmintonhreyfingunni ákvað stjórn BH því að gera samkomulag við TBR og BSÍ um að BH afsalaði sér Íslandsmeistaratitlinum sem lið félagsins vann í meistaradeild Deildakeppni BSÍ 2020, TBR myndi falla frá kærrunni og BSÍ myndi ógilda keppnina þannig að enginn yrði Íslandsmeistari þetta árið. Auk þess fól samkomulagið í sér að allir aðilar myndu vinna saman að því að gera reglurnar skýrari og leggja ágreininginn að baki sér. Leiðinlegt mál, sérstaklega fyrir okkar keppendur sem stóðu sig svo vel og unnu glæsilegan sigur.

## Reksturinn

Rekstur Badmintonfélags Hafnarfjarðar gengur ágætlega og er þar mest að þakka góðum stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ og miklu sjálfbóðaliða starfi sem unnið er í félaginu. Þá er stuðningur William & Halls, RSL á Íslandi, Rio Tinto og Íslenskra getrauna/Lottó einnig mjög mikilvægur fyrir félagið.

Rekstur Íþróttahússins við Strandgötu hefur verið í höndum BH frá áramótum. Markmiðið með yfirtöku á rekstrinum var að geta veitt iðkendum og foreldrum enn betri þjónustu og geta létt á sjálfbóðaliðum sem halda starfinu uppi. Reksturinn á ekki að vera íþyngjandi fyrir félagið og fer vel af stað. Það sést þó ekki endanlega fyrr en um áramót hver hagar félagsins verður af þessu nýja fyrir komulagi.

## Að lokum

Þó að titlar og landsliðssæti séu alltaf skemmtileg gulrót erum við samt stoltust af því hversu duglegt okkar fólk er að taka þátt í starfi félagsins, stunda íþróttina sína og vera með í keppnum en BH-ingar tóku þátt í öllum mótum vetrarins á mótaskrá BSÍ og er líklega ekkert annað félag á landinu sem getur státað sig af því. Takk fyrir viðburðaríkt tímabil kærur félagar, vonandi verða færri lægðir og samkomubönn á því næsta.



## Heimsmeistaratitlinum fagnað í ágúst



## Viðburðir borðtennisársins 2019-2020

Velsæld borðtennisdeildar BH á sér engan óvin. Á hverju ári hefur staðið í ársskýrslunni að á liðnu ári hafi borðtennisdeildir orðið stærri, sigursælli og vinsælli en á árinu á undan. Þótt það sé erfitt að ímynda sér hvernig hægt sé að bæta árangur fyrri ára hefur það þó alltaf tekist. Liðið ár ekki undantekning.



Á síðasta keppnistímabili varð BH bikarmeistari, hlaut þrjá af fimm stóru titlunum á Íslandsmótinu, hlaut fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í tvenndarleik og fyrstu verðlaun sín í einliðaleik kvenna á Íslandsmótinu. Leikmenn BH tóku þátt í fjölda landsliðsverkefna og hlutu fjögur gull á Arctic Open 2019. Enn á eftir að keppa um Íslandsmeistaratitilinn í liðakeppni en þar eru bæði kvenna- og karla lið BH í undanúrslitum.

Deildin heldur áfram að vaxa og dafna. Aðstaðan verður sífellt betri og starf deildarinnar fjölbreyttara. Deildin býður nú upp á æfingar fyrir byrjendur og lengra komna frá barnsaldri til dánardags þar sem leikmenn æfa á bilinu eina til fimmtán klukkustundir á viku.

Við þökkum öllum sem komið hafa að starfinu á liðnu ári fyrir farsælt samstarf. Þótt ársskýrslan sé löng er hér aðeins stiklað á stóru. Þar sem stórviðburða er ógetið er það gert til að stytta málið en ekki af illgirni og biðst undirritaður afsökunar á því. Hefst nú lestur:

### Arctic Open

Fljótlega eftir síðasta aðalfund var Arctic Open haldið á Íslandi en það er mót Íslands, Færeyja og Grænlands. Ísland sendi þrjú lið til leiks af hvoru kyni. BH-ingarnir Harriet Cardew og Sól Kristínardóttir Mixa voru valdar í lið Íslands-B, Magnús Gauti Úlfarsson í lið Íslands-A, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson í lið Íslands-B og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson í lið Íslands-C. Birgir Ívarsson gaf ekki kost á sér til keppni en undirritaður stendur í þeirri trú að hann hefði getað gengið að sæti í A-liði Íslands sem vísu. Tómas Ingi Shelton yfirþjálfari BH og unglíngalandsliðsþjálfari var fenginn til að stýra liðum Íslands á Arctic Open.

Gengi BH-inga á mótinu var með ólíkindum. Á fyrsta keppnisdegi sigraði Magnús Gauti Úlfarsson í tvenndarleik með Nevenu Tasic, Víkingi. Þau sigruðu ríkjandi Færeyjameistara í úrslitaleiknum 3-1.

[Magnús gauti ekki lesa lengra!]

Liðakeppni karla lauk með dramatísku niðurlagi þar sem A-lið Íslands gat tryggt sér sigurinn með sigri á Grænlandi en Íslendingum brast þar bogalistin. Liðið tapaði 3-2 gegn Grænlandi og hafnaði þar með í fjórða sæti. Þetta voru hins vegar góðar fréttir fyrir lið Íslands-B sem, öllum að óvörum, sigraði þar með á mótinu á innbyrðisviðureignum og leikjahlutfalli. Þar með bættist við annar bikar í safn BH-inga því undirritaður Jóhannes Bjarki, að sumra mati besti og skemmtilegasti leikmaður BH, var í sigurliði Íslands-B.

Jóhannes Bjarki var þó ekki hættur því hann sigraði einnig í tvíliðaleik á Arctic Open með Magnúsi K. Magnússyni í Víkingi. Félagarnir sigruðu gegn Magnúsi Gauta, BH, og Inga Darvis Rodriguez í spennandi

úrslitaleik og tóku þar með til sín annað gull sem Magnús Gauti hefði átt góðan möguleika á að vinna sjálfur.

Magnúsi Gauta tókst þó allrækilega að troða sokk ofan í félagi sinn Jóhannes Bjarka með því að vinna einliðaleikinn á mótinu í einum besta borðtennisleik Íslandssögunnar. Hann var eini BH-ingurinn sem komst á pall í einliðaleik.



*Leikmenn BH montu sig af nýunnu glingri á Arctic Open. Jóhannes Bjarki (í miðju t.v.) sigraði í tvíliðaleik og liðakeppni. Magnús gauti (t.h. t.h.) sigraði í einliðaleik og tvenndarleik.*

## Hátíðarhöld

Gestir og gangandi fengu að spreyta sig í borðtennis í Firðinum þann 17. júní eins og undanfarin ár. Þeir allra djörfustu fengu að skora á fulltrúa borðtenniseildarinnar með misgóðum árangri. Uppátækið tókst vel og verður það að öllum líkindum endurtekið á næsta ári.



*Hátíðlegur borðtennisleikur á 17. júní í Firðinum. Einn áskorendanna gerðist svo djarfur að mæta í keppnisfatnaði!*

## Nýir búningar

Eftir þrálátt suð yfirþjálfara deildarinnar samþykkti stjórn að kaupa nýja keppnisbúninga fyrir liðin í efstu deild karla og kvenna. Búningar karlanna eru dökkbláir en kvennabúningarnir ljósbláir.



*Nýir keppnisbúningar karlaliðsins eru dökkbláir og þykja endurspeglja þann ólgusjó sem býr að baki snúningsmiklum uppgjöfum BH-inganna. Hér drekka leikmenn ólgusjóinn beint úr Borg-bollum, en fasteignasalan er sérstakur velunnari liðsins.*



*Kvennaliðið kom að allra mati mun betur út úr liðsm myndatökunni en karlarnir. Liðið er ungt en lítur þó niður á ljósmyndarann. Svipbrigði leikmannanna eru hvorki tákni um vinsemd né illhug heldur gera ótvíræða kröfu um virðingu og eftirtekt.*

## Smáþjóðaleikarnir

Einn BH-ingur var valinn til að leika fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi. Það var Magnús Gauti Úlfarsson sem keppti í einliðaleik, tvíliðaleik og liðakeppni. Magnús Gauti hafði betur gegn San Marínómanninum Federico Giardi en aðrir leikir féllu ekki með honum, enda mótið feiknarsterkt.

## Norður-Evrópumót unglunga og EM unglunga

Tveir leikmenn BH voru valdir til að fara á Norður-Evrópumót unglunga í Eistlandi í lok júní. Það voru Harriet Cardew og Sól Kristínardóttir Mixa sem kepptu í U15 flokki. Þær voru BH til sóma og höfnuðu í 12.- og 10. sæti á mótinu.

Harriet keppti síðar fyrir hönd Íslands á EM unglunga í Tékklandi í júlí. Hún stóð sig með prýði á erfiðu móti þar sem íslenska liðið hafnaði í 34. sæti.

## Leikmenn BH eru eftirsóttir

Tveir leikmenn BH hafa spilað og æft erlendis á síðasta tímabili. Birgir Ívarsson bjó í Svíþjóð fyrri hluta tímabilsins þar sem hann æfði hjá Eslöv, einum virtasta klúbbsi Svíþjóðar. Magnús Gauti var fenginn til norska félagsins Heros þar sem hann spilaði fyrir félagið þegar það sigraði í næstefstu deild.

Birgir var svo heppinn/óheppinn að fá að keppa við einn sterkasta upprennandi leikmann heims á Swedish Open. Leikurinn var sýndur í beinni útsendingu hjá Alpþjóðaborðtennissambandinu (ITTF).



*Skjaskot úr leik Birgis gegn kínverjanum Xu Yingbin úr sjónvarpi ITTF. Kínverjar eru sterkir í borðtennis og Xu Yingbin er engin undantekning, enda sigraði hann Birgi (og seinna U21 flokk mótsins).*





*Sandra Dís fékk brons á fyrsta móti keppnistímabilsins. Söndru hefur farið mikið fram síðasta árið og er nú máttarstólpi í kvennaliðinu.*



*Tómas gefur Alexander greinilega „eitt ráð“ á Afmælistóti KR í september. Ráðið dugði til því Alexander vann sinn flokk.*

## BH bikarmeistari í fyrsta sinn

BH varð bikarmeistari í fyrsta sinn þegar mótið var haldið á Strandgötunni í október. Hér er um sterkan heimavallarsigur að ræða. Til að kóróna gott gengi sigraði B-lið BH gegn liði KR í undanúrslitum og því mættust A- og B-lið BH í úrslitum. Leikurinn endaði á sigri A-liðsins og fengu Pétur Marteinn, Harriet og Jóhannes Bjarki það eftirsóknarverða hlutverk að lyfta Bikarnum í fyrsta skipti í sögu Hafnarfjarðar.

## Æfingabúðir

Milli jóla og nýárs héldu Birgir og Magnús Gauti æfingabúðir fyrir metnaðarfulla borðtenniskrakka. Mikil samkeppni var um leikmenn enda héldu nánast öll borðtennisfélög æfingabúðir um þetta leyti. Ljóst er að mun meira verður af æfingabúðum fyrir börn og unglinga á næsta keppnistímabili. BH er líklegt til að halda þó nokkrar þeirra.

## Hafnarfjörður Open 2020

Í janúar hélt borðtennisdeild BH aldursflokkamót og Opna Hafnarfjarðarmótið var haldið var í fyrsta sinn. Mótinu var vel tekið og færri komust að en vildu. Á mótinu voru ný leikkerfi prófuð og reyndust þau svo vel að Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) hafði samband við mótsstjórn og bað um aðstoð við að setja upp svipað mót hjá þeim. Mótinu lauk þannig að Birgir Ívarsson sigraði með yfirburðum. Hann tapaði ekki leik á öllu mótinu, mótherjum hans til mikils ama.



*Uppáklæddir og nýklyptir BH-ingar voru að vonum sáttir á verðlaunahátíð ÍBH um áramótin. Hér monta leikmenn sig af fyrsta bikarmeistaratitli félagsins, viðurkenningu fyrir Íslandsmeistaratil í liðakeppni, einliðaleik, tvíliðaleik og í unglingsaflokkum.*

## Útþrá

Borðtennisdeild BH fór í sína fyrstu utanlandsferð í febrúar. Ferðinni var heitið til Danmerkur þar sem 19 manna hópur fór á Roskilde Bauhaus Arena Cup. Ferðin gekk vel fyrir sig og mikil ánægja var með mótavalið. Magnús Gauti sigraði í flokku U21 elite, Birgir Ívarsson fékk brons í sama flokki, Jóhannes Bjarki fékk brons í opnum flokki A og Nikulás Dagur Jónsson og Alexander Ivanov unnu hvor sinn flokkinn í aldurs- og getuskiptum flokkum. Nú bíða allir ólmir eftir að komast aftur á mótið á næsta ári. Áfram BH!



*Hópur káttra BH-inga í Danmörku í febrúar. Hér er þó ekki litið um öxl heldur lítur hópurinn til framtíðar (upp til hægri), sumir þurfa jafnvel að skýla augunum enda er framtíðin björt.*

## Íslandsmót í Hafnarfirði

BH hélt fjölmennasta Íslandsmót allra tíma í febrúar. Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. setti mótið með hátíðlegri uppgjöf og í kjölfarið hófst löng og skemmtileg dagskrá sem náði frá föstudegi fram á sunnudagskvöld. Skráningar á mótið voru 238 og því var á nógu að taka. Mótið fór vel fram, enda var það haldið undir vökulu auga Mímis Kristínarsonar Mixa (BH), yngsta yfirdómara landsins. Bein útsending með lýsingu tveggja þula var frá lokadeginum í umsjá Borðtennisdeildar BH. Hlaut deildin mörg hrós fyrir mótið.

Verðlaunahafar áttu það sameiginlegt að vera á háu getustigi og augljós kynslóðaskipti voru sýnileg á mótinu þar sem yngri leikmenn sigruðu þá leikmenn sem hafa verið ríkjandi á síðustu árum. Vegna þess hversu vel gekk á mótinu verður hér aðeins stiklað á stóru hvað úrslit varðar. Magnús Gauti og Birgir vörðu íslandsmeistararitilinn í tvíliðaleik frá því í 2019. Flestum að óvörum sigruðu hinar kornungu Harriet Cardew og Sól Kristínardóttir Mixa í tvíliðaleik og lönduðu þar með fyrsta titli BH í tvíliðaleik kvenna. Sandra Dís Guðmundsdóttir og Alexía Kristínardóttir Mixa hlutu brons í tvíliðaleik kvenna. Sagan er þó langt frá því að vera búin hér. Alexía gerði sér lítið fyrir og sló út fyrrum Íslandsmeistara kvenna,

Stellu Karen Kristjánsdóttur, í 8-manna úrslitum í einliðaleik kvenna og endaði síðan með brons. Alexía náði þar með hinum merka áfanga að verða fyrst BH-kvenna til að ná medalíu í einliðaleik.

En bíðið, það er meira! Magnús Gauti og Sól áttu góðu gengi að fagna þegar þau urðu fyrstu Íslandsmeistarar BH í tvenndarleik. Þau sigruðu BH-inginn Jóhannes Bjarka og Ástu Urbancic (KR) í úrslitaleik. Bæði Magnús og Sól urðu þar með tvöfaldir íslandsmeistarar á mótinu. Magnúsi Gauta tókst þó ekki að verja titil sinn í einliðaleik því þar var nýr meistari krýndur, Ingi Darvis Rodriguez úr Víkingi, en BH-ingarnir Magnús Gauti, Birgir Ívarsson og Jóhannes Bjarki röðuðu sér á verðlaunapallinn á eftir Inga í þessari röð.



*Fjarðarfréttir voru fyrstar með fréttirnar af mótinu, þó á kostnað prófarkarlesturs.*



*Sól og Magnús Gauti í úrslitum í tvenndarleik á Íslandsmótinu. Þau eru hætt að svara eiginnöfnum sínum nema forskeytið „Íslandsmeistari-“ sé sett fyrir framan nafnið.*

## Farsótt og fjölbreytni

Þrátt fyrir farsótt og samkomubann eru iðkendur ekki aðgerðalausir. Margir leikmenn hafa gripið til þess að útvega sér borðtennisborð og „borðtennisvélmenni“ í bílskúrinn og halda áfram æfingum þar eftir því sem það er hægt.

Nýtt hlaðvarp hefur einnig litið dagsins ljós. BH-ingarnir Pétur Marteinn, Jóhannes Bjarki og Tómas Shelton hafa þar verið í hlutverki sérfræðinga en um er að ræða fyrsta íslenska borðtennishlaðvarpið, „Pöngh-kastið“ með Dr. Pöngh (sérfræðingarnir fengu þó ekki að velja nafnið). Góðvinur þeirra, sem neitar að ganga undir öðru nafni en Dr. Pöngh, stýrir þáttunum sem nú eru orðnir 8 talsins þegar fyrstu seríu er lokið.

Í samkomubanni var Álfafellið tekið í gegn, viðhaldi sinnt, salurinn gerður upp, skipt var um loftljós, gardínur, gólf og fleira. Þegar þetta er skrifað er framkvæmdum ekki enn lokið og því ætlar undirritaður ekki að lofa hvernig þær komu út. Allt lofar þó góðu og eru miklar vonir bundnar við það að ný aðstaða verði deildinni til frekara happs og frama.

Deildin hefur notast við íþróttagólfduík frá badmintondeildinni á æfingum tímabilsins og kann badmintondeildinni bestu þakkir fyrir. Dúkurinn hefur gjörbreytt aðstöðu borðtennisins. Borðtennis er íþrótt þar sem mikið er æft miðað við aðrar íþróttir og álaginu á líkamann er misdreift. Vegna þessa er sérstök hættu á meiðslum í borðtennis. Gólfið hefur fækkað meiðslum leikmanna til muna og gerir leikmönnum kleift að æfa á hærra getustigi en áður.

Öðruvísi viðhaldi var einnig sinnt, þ.e. andlegu hliðinni, undir handleiðslu hins margs vísa Ingimars Ingimarssonar. Hefur hann leitt leikmenn BH í göngur um hin ýmsu fjöll og, eftir því sem fregnir herma, einnig í nokkrar ógöngur. Því er þó ekki að neita að fjallaferðir hafi verið leikmönnum dægradvöl og heilsubót, bæði til gagns en einnig nokkurs gamans.



*Lógó fyrsta íslenska borðtennishlaðvarpsins gefur það til kynna að hér muni menn læra lexíu.*



*Ljósmyndin „Þrír að þykjast“ eftir óþekktan höfund. Hér er vísað til þess að mennirnir á myndinni eru að þykjast gera upp Álfafellið.*



*BH-ingar hafa gerst andans menn í samkomubanni.*

## Lokaorð

Liðið ár hefur verið gæfuríkt í alla staði og hlakkar undirritaður til að taka þátt í starfinu á komandi ári.

Vegna ringulreiðarinnar í kringum farsóttartímana hefur ekki gefist færi á að klára tvö af helstu mótum keppnistímabilsins. Þau eru Íslandsmót unglinga, sem er jafnframt stærsta mót ársins, og keppni um Íslandsmeistaratitilinn í liðakeppni, þar sem karlalið BH hefur titil að verja. Þessum mótum hefur verið frestað fram á haust en önnur mót hafa fallið niður. Þess er því að vænta að síðasti kafli þessarar ársskýrslu komi árið 2021. Lesendur verða því að bíða frekari fregna þangað til.

Með spaðakveðju,  
Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson,  
Formaður Borðtennisdeildar BH.

## Viðburðir tennisársins 2019-2020

Júlfana Jónsdóttir tók við formennsku deildarinnar haustið 2019 af Andra Jónssyni, sem hélt þó áfram í stjórn ásamt Hirti Þór Grjetarssyni.

Tennisdeild BH æfði líkt og undanfarin ár í Tennishöllinni í Kópavogi en þar eru 5 tennisvellar ásamt tveimur padel tennisvöllum. Nauðsynlegt er að æfa á innivöllum á veturnar sökum veðurs en svo æfa og keppa krakkarnir oftast á útivöllum yfir sumartímann, þá í Kópavoginum, Fossvoginum og Laugardalnum. Það eru tveir tennisvellar í Hafnarfirði við Víðistaðatún, en þeir eru illa farnir því ekkert viðhald hefur verið á þeim í mörg ár. Það er því miður ekki hægt að æfa á þeim völlum né halda sumarnámskeið þar eins og staðan er í dag.

### Landsliðsfólk og Íslandsmeistarar

Íslandsmeistarar BH í tennis voru þeir Brynjar Sanne Engilbertsson og Þengill Alfreð Kristinsson. Brynjar sigraði í úrslitum í tvenndarleik í meistaraflokki Íslandsmóti utanhúss síðasta sumar og er því Íslandsmeistari ásamt Sofíu Sóley frá TFK. Brynjar keppti einnig til úrslita í tvíliðaleik karla ásamt Björgvini Atla Júlíussyni frá Víkingi, en þrátt fyrir hörku leik þá enduðu þeir í 2.sæti. Einnig komst Brynjar Sanne í úrslit í flokki 18 ára og yngri, þá bæði í Íslandsmóti innanhúss og í Íslandsmóti utanhúss, en varð að sætta sig við annað sætið að þessu sinni.

Brynjar Sanne var duglegur að æfa og keppa erlendis árið 2019. Hann fór til Danmörku í febrúar til að æfa með meistaraflokki drengja, en landsliðsþjálfari hans Andri Jónsson sá um þau sambönd. Ætlunin var að taka þátt í móti í Birkerød en því miður þá var það felld niður þegar út var komið. Brynjar keppti á European Junior Championchips í U18, en það mót fór fram í Swiss og er talið vera sterkasta evrópumótið í U18 í dag. Hann stóð sig vel en tapaði í fyrstu umferð á móti einum besta tennisspilara Swiss, en hann var númer 4 í sínu landi og 150 í heiminum í U18.



Brynjar í Swiss að keppa í beinni útsendingu.



Brynjar ásamt meðspilara sínum, Björgvini Atla, í Swiss.



Brynjar var einnig í Argentínu haustið 2019, þar æfði hann tennis 2x á dag og keppti ótal æfingaleiki í tveimur virtum tennisklúbbum, Cordoba Lawn Tennis Club og Tennis Jockey Club. Því miður fékk hann ekki þátttökurétt inn í nein mót þar sem hann var ekki með arentískan ríkisborgararétt, en öll umgjörð og mótsreglur virðast flóknari þar en í Evrópuríkjunum.

Brynjar stefndi að því að keppa í ITF juniors í Noregi en vegna Covid19 varð ekkert úr því og er nú þegar búið að fresta Íslandsmóti innanhúss og öllum evrópumótum þar til að minnsta kosti 1.ágúst.

Pengill Alfreð er ungur og efnilegur tennismaður. Honum hefur farið mjög mikið fram og sigraði hann í úrslitum í u14 á Íslandsmóti utanhúss og í Íslandsmóti í liðakeppni í u16. Hann er því Íslandsmeistari í 14 ára og yngri og í liðakeppni árið 2019. Pengill hefur æft stíft í vetur með afrekshópi 2 í Tennishöllinni og hefur staðið sig mjög vel.

Bikarmótið var svo haldið í lok desembers 2019 og þar sigraði Jón Þór Sanne í mini tennis flokki og varð í 3.sæti í 10 ára og yngri. Í byrjun ársins á 1. Stórmóti ÍSÍ, náldi svo Sigurður Andri Gröndal sér í brons í flokki 14 ára og yngri og Kristján Logi Kristjánsson sigraði svo í B-keppni 12 ára og yngri. Hér eru greinilega á ferð margir ungir og efnilegir Hafnfirðingar.



Pengill Alfreð (á hægri hönd) rétt fyrir leik á Íslandsmótinu.



Jón Þór Sanne bikarmeistari í mini tennis 2019.

Ingibjörg Anna Hjartardóttir er enn með sæti í kvennalandsliðinu en vegna Covid19 var Fed Cup frestað og því hafa stelpurnar ekki keppt erlendis þetta árið. Ingibjörg komst í undanúrslit í einleiðaleik kvenna vorið 2019 í Íslandsmóti innanhúss og átti hún mjög góðan



tvíliðaleik það árið. Hún komst í úrslit og varð í 2.sæti í tvíliðaleik kvenna á bæði Íslandsmóti innanhúss og á Íslandsmóti utanhúss síðastliðið sumar.



Ingibjörg lengst til hægri tilbúin í úrslitaleik kvenna í tvíliðaleik

Ingibjörg ásamt landsliðskonum 2019



Brynjar Sanne hefur æft með karlalandsliðinu síðan í nóvember 2018 og gerir enn. Andri Jónsson frá BH sér um að þjálfa landsliðið og er með samning til lok ársins 2020. Helstu verkefni Andra árið 2019 voru Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi og Davis Cup sem haldið var í San Marino en Ísland hafnaði þar í 11.-12. sæti í 3.deild.

Vegna Covid-19 þá hefur öllum evrópskum og alþjóðlegum tennismótum verið frestað eða þau felld niður svo erfitt er að segja til um hvort eða hvenær Ingibjörg og Brynjar fái að spreyta sig með landsliðinu á erlendri grundu.

## Skólatennis og sumarnámskeið

Eftir að skólatennisverkefni Andra Jónssonar og Jónasar Páls Björnssonar byrjaði í janúar 2018 hefur það einungis stækkað með hverri önninni á fætur annarri. Þetta byrjaði með einum skóla sem varð að 8 skólum í fyrravor í þremur sveitarfélögum, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Þetta skólaár var skólatennis þó aðeins kenndur í 5 skólum sökum aðstöðuleysis. Andri fékk einnig Hinrik Helgason, tennisþjálfara, með sér í lið sem var mikill styrkur fyrir skólatennisinn í Hafnarfirði. Síðustu ár hafa tveir skólar í Hafnarfirði tekið þátt í verkefninu með góðum árangri, Hraunvallaskóli og Víðistaðaskóli. Skólaárið 2019-2020 var eingöngu kenndur skólatennis í Hraunvallaskóla þar sem ekki fékkst æfingatími í íþróttahúsum annarra grunnskóla, þó að áhuginn hafi verið til staðar í Víðistaðaskóla og Lækjarskóla, en 14 börn á aldrinum 6-9 ára hafa

æft skólatennis í íþróttahúsi Hraunvallaskóla haustið 2019 og vorið 2020. Frábært verkefni sem stefnir á að stækka og fjölga grunnskólum í haust 2020.

Tennisdeildin í Hafnarfirði stefnir ekki eingöngu að því að fjölga skólunum í Hafnarfirði næsta haust heldur einnig að því að koma útivöllunum í gott stand svo hægt verði að bjóða hafnfirskum börnum aftur í sumartennis skóla innan síns sveitafélags. Síðustu ár hafa börnin þurft að sækja sumarnámskeið Tennisskólans í Kópavogi og voru mjög mörg börn skráð þar frá Hafnarfirði síðustu tvö árin. Ósk deildarinnar er að geta haldið 2-3 sumarnámskeið í Hafnarfirði en vellirnir þurfa þá fljótlega að fá almennilegt viðhald, þá á undirlagi, tennisnetum og girðingunni í kringum vellina, ef það á að vera hægt að nýta þá í æfingar og leik næstu árin.

### Íslenska Tennis Akademían (ÍTA)

Nokkur börn frá tennisdeild BH hafa verið að æfa með úrvalshópunum í Tennishöllinni og býðst að æfa með íslensku tennis akademíunni í sumar. Um er að ræða 10 vikna akademíu og eru æfingar á hverjum degi 3 klst. í senn. Mikil áhersla er lögð á tækni, taktík, hugarþjálfun og líkamsrækt og er prógrammið eingöngu ætlað lengra komnum börnum og unglingum sem vilja nýta sumarið og koma tennisleik sýnum á næsta stig. Einnig verða í boði unglinganámskeið fyrir 13-18 ára og ætla nokkrir frá Hafnarfirði sem hafa verið að æfa í vetur að taka þátt í þeirri sumardagskrá.



### Stofnun Tennisfélags Hafnarfjarðar (TFH)

Þá er sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að í vetur var ákveðið að fara á fullt í að stofna nýtt tennisfélag í Hafnarfirði, TFH, og á sama tíma ganga út sem tennisdeild innan BH eftir langt og gott samstarf. Þannig myndi starfsemi tennisins í Hafnarfirði verða að sjálfstæðu tennisfélagi eins og er í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Við verðum með stofnfund þann 28. maí næstkomandi og vonumst til að sem flestir Hafnfirðingar sjái sér fært að mæta í Tennishöll Kópavogs kl. 20:00 og vera hluti af þessu stóra skrefi okkar í tennisnum í Hafnarfirði.

Að lokum viljum við þakka Badmintonfélagi Hafnarfjarðar fyrir mjög gott samstarf síðastliðin ár.

Takk fyrir þetta ár kæru tennismenn Hafnarfjarðar!

Mbk, Stjórn tennisdeildar BH

# Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Íþróttahúsinu við Strandgötu  
Hafnarfirði

Ársreikningur fyrir  
starfsárið 2019


## Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6-8


## Áritun stjórnar

Stjórn Badmintonfélags Hafnarfjarðar staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir starfsárið 1. janúar 2019 til og með 31. desember 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 25. maí 2020

  
Hörður Þorsteinsson  
formaður

  
Irena Óskarsdóttir  
Gjaldkeri

  
Anna Lilja Sigurðardóttir  
Badmintondeild

## Áritun skoðunarmanna


Til félaga í Badmintonfélagi Hafnarfjarðar

Við höfum endurskoðað ársreikning Badmintonfélag Hafnarfjarðar fyrir starfsárið 1. janúar til og með 31. desember 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir nr. 1-12.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn glögga mynd af starfsemi félagsins á starfsárinu og efnahag þess 31. desember 2019 í samræmi við lög, samþykktir og viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík 25. maí 2020

  
Andri Stefánsson  
kjörinn skoðunarmaður

  
Helena Óskarsdóttir  
kjörinn skoðunarmaður

## Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2019

<b>Rekstrartekjur</b>		<b>Árið 2019</b>	<b>Árið 2018</b>	<b>Fjárhagsáætlun 2019</b>
		<b>Allar deildir</b>		
		<b>Skýr.</b>		
Framlög og styrkir.....	1	31.024.861	30.238.870	31.000.000
Tekjur af mótum.....	2	2.171.468	1.247.434	2.000.000
Æfingagjöld.....	3	7.089.755	7.399.642	7.000.000
Rekstrartekjur		<u>40.286.084</u>	<u>38.885.946</u>	<u>40.000.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Húsaleiga	4	20.418.615	20.000.000	20.000.000
Þjálfunarsvið.....	5	12.761.923	11.310.730	12.000.000
Áhöld og boltar.....	6	4.917.179	5.230.791	5.000.000
Fræðsla og kynningar.....	7	1.168.437	813.003	1.000.000
Stjórnunarsvið.....	8	1.197.224	861.050	1.200.000
Rekstrargjöld		<u>40.463.378</u>	<u>38.215.574</u>	<u>39.200.000</u>
Rekstrarhagnaður/(tap)		<u>(177.294)</u>	<u>670.372</u>	<u>800.000</u>
<b>Vextir</b>				
Vaxtagjöld.....		0	0	0
Vaxtatekjur.....		7.319	6.596	
		<u>7.319</u>	<u>6.596</u>	
Hagnaður/(tap) ársins		<u>(169.975)</u>	<u>676.968</u>	<u>800.000</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir:</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....		0	891.504
Handbært fé.....	9	4.896.918	3.752.973
Veltufjármunir		<u>4.896.918</u>	<u>4.644.477</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>4.896.918</u>	<u>4.644.477</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	10	4.229.142	4.399.117
Eigið fé		<u>4.229.142</u>	<u>4.399.117</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	11	667.776	245.360
Skammtímaskuldir		<u>667.776</u>	<u>245.360</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>4.896.918</u>	<u>4.644.477</u>



## Sundurliðanir

	Árið 2019	Árið 2018	Fjárhagsáætlun 2019
<b>1. Framlög og styrkir</b>			
Hafnarfj. rekstrarstyrkur.....	4.014.087	4.306.580	5.000.000
Hafnarfj. Húsaleigustyrkur.....	20.000.000	20.000.000	20.000.000
ÍBH, lottó, Alcan og afr.sj.....	2.829.835	3.383.425	3.000.000
Aðrar tekjur.....	4.180.939	2.548.865	3.000.000
Styrkir og framlög	<u>31.024.861</u>	<u>30.238.870</u>	<u>31.000.000</u>
<b>2. Tekjur af mótum ofl.</b>			
Mótatekjur.....	2.171.468	1.247.434	2.000.000
Mótatekjur ofl.	<u>2.171.468</u>	<u>1.247.434</u>	<u>2.000.000</u>
<b>3. Æfingagjöld</b>			
Æfingagjöld .....	4.864.725	4.533.584	5.000.000
Æfingagjöld niðurgreiðslur.....	2.225.030	2.866.058	2.000.000
Æfingagjöld	<u>7.089.755</u>	<u>7.399.642</u>	<u>7.000.000</u>
<b>4. Húsaleiga</b>			
Íþróttahúsið Strandgötu.....	18.000.000	18.000.000	18.000.000
Álfafell.....	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Tennishöllin.....	418.615	0	0
Húsaleiga	<u>20.418.615</u>	<u>20.000.000</u>	<u>20.000.000</u>
<b>5. Þjálfunarsvið</b>			
Laun og launatengd gj. þjálf.....	6.843.363	7.553.800	7.000.000
Keppnisferðir innanlands.....	675.721	963.882	500.000
Æfingaferðir, keppnisstyrkir.....	2.687.490	110.000	2.000.000
Mótsgjöld.....	2.106.200	2.269.384	2.000.000
Mótakostnaður.....	449.149	413.664	500.000
Þjálfunarsvið	<u>12.761.923</u>	<u>11.310.730</u>	<u>12.000.000</u>
<b>6. Áhöld og boltar</b>			
Boltar.....	1.945.627	3.654.310	2.500.000
Spaðar og búnaður.....	2.163.720	915.687	1.000.000
Búningar.....	807.832	660.794	1.500.000
Áhöld og boltar	<u>4.917.179</u>	<u>5.230.791</u>	<u>5.000.000</u>

## 7. Fræðsla og styrkir

Afreksstyrkir.....	405.000	555.000	500.000
Námskeið.....	386.767	142.430	300.000
Ýmislegt.....	376.670	115.573	200.000
Fræðsla og kynningar	<u>1.168.437</u>	<u>813.003</u>	<u>1.000.000</u>

## 8. Stjórnunarkostnaður

Uppskeruhátíð og heiðranir.....	845.388	636.098	500.000
Funda- og salarkostnaður.....	192.821	99.950	500.000
Auglýsingar ofl.....	73.036	37.076	100.000
Ritföng, færslugjöld ofl.....	85.979	87.926	100.000
Stjórnunarkostnaður	<u>1.197.224</u>	<u>861.050</u>	<u>1.200.000</u>

## 9. Handbært fé

Badmintond. Ísl.banki 5010.....	2.885.377	1.900.987	
Badminton, Ísl.banki 5015.....	1.202.785	1.174.108	
Tennisdeild, Landsbanki.....	265.546	328.868	
Borðtennisdeild, Ísl.banki.....	543.210	349.010	
Handbært fé	<u>4.896.918</u>	<u>3.752.973</u>	

## 10. Óráðstafað eigið fé

Frá fyrra ári.....	4.399.117	3.722.149	
Hagn/(tap ársins).....	(169.975)	676.968	
Óráðstafað eigið fé	<u>4.229.142</u>	<u>4.399.117</u>	

## 11. Skammtímaskuldir

Húsaleiga Tennishöll.....	0	245.360	
Laun og launatengd gjöld.....	667.776	0	
Skammtímaskuldir	<u>667.776</u>	<u>245.360</u>	

## 12. Sundurliðun deilda

<i>Tekjur</i>	<b>Badminton</b>	<b>Tennis</b>	<b>Borðtennis</b>
Framlög og styrkir.....	28.962.361	62.500	2.000.000
Tekjur af mótum og húsal.....	1.984.968	120.000	66.500
Æfingagjöld.....	5.717.310	275.917	1.096.528
Rekstrartekjur	<u>36.664.639</u>	<u>458.417</u>	<u>3.163.028</u>
<i>Gjöld</i>			
Húsaleiga	18.000.000	418.615	2.000.000
Þjálfunarsvið.....	12.275.896	35.627	450.400
Áhöld og boltar.....	4.494.421		422.758
Fræðsla og kynningar.....	839.549	295.000	33.888
Stjórnunarsvið.....	1.134.894		62.330
Rekstrargjöld	<u>36.744.760</u>	<u>749.242</u>	<u>2.969.376</u>
Hagnaður/(tap)	<u>(80.121)</u>	<u>(290.825)</u>	<u>193.652</u>
Hagnaður/(tap) deilda samtals	<u>(177.294)</u>		